

Fundargerð

205. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 23. jan. 2019 að Furuvöllum 1, Akureyri, kl. 13.30.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar var borin upp, samþykkt og undirrituð.

Umsagnir:

1. **Norðurþing. Skipulagslýsing vegna deiliskipulags verslunar- og þjónustusvæðis V3 við golfvöllinn á Húsavík.**
2. **Norðurþing. Tillaga að breyttu deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss í Kelduhverfi**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 1 og 2 og svaraði fyrirspurnum heilbrigðisnefndar.

3. **Akureyri: Tillaga að umsögn vegna breytinga á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins á Rangárvöllum.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi og Jón Ingi Cæsarsson formaður kynntu forsögu málsins og eftirfarandi var fært til bókar:

Heilbrigðisnefnd hefur kynnt sér tillögur að breytingum á deiliskipulagi á Rangárvöllum í Akureyrarbæ. Tillögurnar eru í vinnslu hjá Akureyrarbæ vegna óska lóðarhafa 3 og 4 á Rangárvöllum um að reka steypueiningaverksmiðju og að reisa steypustöð á Rangárvöllum. Að mati heilbrigðisnefndar er talsverð hætta á að rekstur steypustöðvar á Rangárvöllum valdi nálægum íbúum óþægindum vegna fok- og rykhættu í suðvestan átt og einnig er frárennsli frá steypustöðvum vandmeðfarið og óheppilegt að taka við slíku frárennsli inn á veitukerfi ofarlega í Akureyrarbæ (slit- og stífluhætta). Þá sýnir reynslan að ásynd steypustöðva er oft til vandræða og sömuleiðis er hætta á hávaða og fínryki (sement, flutningar og geymsla á efni) vegna slíkrar starfsemi. Að teknu tilliti til hagsmuna nálægðar íbúðabyggðar mælist heilbrigðisnefnd til þess að Akureyrarbær gefi ekki kost á að steypustöð verði byggð á Rangárvöllum. Að mati heilbrigðisnefndar er mengunarhætta vegna reksturs á steypueiningaverksmiðju mun minni en vegna reksturs á steypustöð og er ekki gerð athugasemd við áform um að heimila rekstur á steypueingaverksmiðju á Rangárvöllum (aðflutt tilbúin steypa); enda verði slíkri starfsemi sett skýr skilyrði hvað varðar verklag, umgengni, hávaða, mengunarvarnir og mótvægisáðgerðir til að tryggja góða ásynd athafnasvæðis.

4. **Akureyri: Eftirfylgni vegna kröfu um taðþrær eða haughús við hesthús í Breiðholti í Akureyrarbæ, umhverfisátak.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá frumkvæði og áhuga hjá Hestamannafélaginu Létti þess efnis að fá til afnota aukið landrými til geymslu á því sem fylgir hestamennsku í hesthúshverfinu Breiðholti; þ.e. aukið geymslusvæði fyrir dráttarvélar, heyvinnutæki, kerrur, rúllur og aðra lausamuni. Með skipulögðum geymslusvæðum er vonast til þess að hægt verði að bæta umgengni á hesthúsalóðum í Breiðholti.

Heilbrigðiseftirlitið og Akureyrarbær vilja beita sér fyrir því að hesthúsaloðir í Breiðholti verði hreinsaðar af lausadóti og að einnig verði tekið á þeim vanda sem felst í því að nokkrir hesthúseigendur í Breiðholti hafa ekki brugðist við kröfu heilbrigðisfulltrúa um að koma upp viðunandi taðgeymslum við hesthús sín í Breiðholti.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að leggja málinu lið og felur heilbrigðisfulltrúa að leggja inn verkbeiðnir til Akureyrarbæjar skv. nánari verkáætlun um að fjarlægja lausadót, muni og óvarða taðhauga og annað sem ekki er ætlast til að verði geymt inni á hesthúsaloðum. Akureyrarbær leggur út fyrir kostnaði við hreinsunaraðgerðir og síðan verður kostnaður vegna flutnings og geymslu sóttur á viðkomandi hesthúsa eigendur á hliðstæðan hátt og þegar óskráð farartæki eru fjarlægð að undangenginni áminningu með álímingarmiða.

Hesthúsa eigendur sem bregðast ekki við kröfu um að koma upp viðunandi geymslum fyrir hrossatað geta búið við að óvarðir taðhaugar verði fjarlægðir á þeirra kostnað og þeir beittir þvingunarúrræðum skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Dráttargjöld vegna óskráðra farartækja sem þarf að fjarlægja eru kr. 25.000,- og geymslugjöld eru kr. 1.000,- á dag í allt að 45 daga og tímagjald vegna vinnu vörubíls með krana vegna hreinsunar á lausamunum og óvörðum taðhaugum er u.þ.b. kr. 18.000,- á klst.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Meindýravarnir Íslands Á.L.S. kt. 131052-2439, Víðibakka 671 Norðurþingi. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
2. Dondi ehf. kt. 621117-1650 Héðinsbraut 4. Fl. III umfangsmiklar áfengisveitingar. **Samþykkt til 12 ára.**
3. PCC Bakkisilikon, kt. 450612-0160, Bakkavegi 2 640 Húsavík. Rekstur mötuneytis fyrir 70 manns. **Samþykkt til 12 ára.**
4. Eva Rakel Aðalsteinsdóttir kt. 060696-3229, Lerkilundur 13, 600 Akureyri, fyrir šNeglur Akureyrið naglaásetningar og lagfæringar, Furuvöllum 13 e.h., 600 Akureyri. **Afgreiðslu frestað þar sem ekki liggur fyrir samþykki fyrir breyttri húsnokun.**
5. Hörgárbraut ehf kt. 421111-1110, Hörgárbraut, 600 Akureyri, Ak-Inn, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir söluturn og skyndibitastaði. **Samþykkt til 12 ára.**
6. Natten ehf kt. 530199-2319, Leirunesti, 600 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir söluturn og skyndibitastað. **Samþykkt til 12 ára.**
7. Leifshús gistiþjónusta kt. 150457-3359, Leifshús 601 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir gistingu í 8 herbergjum fyrir 20 manns. **Samþykkt til 12 ára.**
8. Hótel Natur kt. 150457-3359, Þórisstöðum, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi, 36 herbergi og matsalur fyrir 90 manns í sæti. **Samþykkt til 12 ára.**
9. Mjólkursamsalan Akureyri kt. 540405-0340 Súluvegi 1, 600 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi skv. mengunarvarnareglugerð. **Samþykkt til 12 ára.**
10. Sólfjörð Hótel ehf kt. 460115-0190, Sveinbjarnargerði 2, 601 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt til 12 ára.**

11. N1 ehf, kt. 411003-3370, Héðinsbraut 2, 640 Húsavík, sala á matvælum og veitingasala, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna aðilaskipta. **Samþykkt til 12 ára.**
12. N1 ehf, kt. 411003-3370, Leiruvegi, 600 Akureyri, sala á matvælum, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna aðilaskipta. **Samþykkt til 12 ára.**
13. N1 ehf, kt. 411003-3370, Hörgárbraut, Veganesti, 600 Akureyri, veitingasala og sala á matvælum, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna aðilaskipta. **Samþykkt til 12 ára.**
14. N1 ehf, kt. 411003-3370, Hörgárbraut, bensínsala, 600 Akureyri, sala á matvælum, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna aðilaskipta. **Samþykkt til 12 ára.**
15. Vesturkantur ehf, kt. 541008-0630, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir útleigu á frístundahúsum (Hrímland cottages), hús nr. 1,3,4,5,7,10,11,14 og 16. **Samþykkt til 12 ára.**
16. Bruggsmiðjan Kaldi ehf, kt. 541205-1520, Öldugötu 22, 621 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir veitingarekstur. **Samþykkt til 12 ára.**
17. Laugar Spa kt. 451009-1410, Sundlaugarvegi 30A, fyrir šAqua Spað snyrtistofu Strandgötu 14, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**

Önnur mál:

Nefndalaun. Eftir ábendingu frá Akureyrarbæ þess efnis að kjararáð var lagt niður þann 1. júlí 2018 var ákveðið að breyta viðmiði heilbrigðisnefndar varðandi nefndalaun þannig að frá og með þessum fundi verði nefndalaun reiknuð út frá viðmiðunarpátt Akureyrarbæjar og launavísitölu Hagstofunnar 1. janúar og 1. júlí ár hvert og þannig horfið frá fyrra viðmiði við þingfararkaup.

Fiskeldi. Umræða varð um áform um fiskeldi í Eyjafirði og álitamál og möguleika í því sambandi. Fram kom að ákveðin þróun er að eiga sér stað í sjókvíum sem skapar færi á að fanga hluta af þeim úrgangi sem fellur til við fiskeldi og einnig eru auknir möguleikar á að verjast laxalús með ákveðnum forvörnum. Búast má við aukinni umræðu um þetta mál í náninni framtíð.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.15

_____	_____
Jón Ingi Cæsarsson	Alfreð Schiöth
_____	_____
Anna Rósa Magnúsdóttir	Þorkell Björnsson
_____	_____
Lilja Guðnadóttir	Þórey Agnarsdóttir
_____	_____
Guðmundur Smári Gunnarsson	Steinn Oddgeir Sigurjónsson
_____	_____
Benedikt Kristjánsson	Kristín Halldórsdóttir